

ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆDSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

131. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 4. apríl kl. 13:00 í Grunnskólanum á Hvammstanga og Laugarbakka.

Mættir undirritaðir. Sigrún Waage boðaði forföll.

Dagskrá:

Kynning á skólastarfi Grunnskólans í Húnaþingi vestra.

Sigurður Þór Ágústson skólastjóri kynnti skólastarfið í Húnaþingi vestra.

Skólastarf næsta vetur mun einkennast af meiri samþættingu á skólastarfi milli bekkja. Kennarar eru byrjaðir að móta þessa vinnu sem byggir á faglegum forsendum og hugmyndafræði sem ný aðalnámsskrá byggir á. Fræðsluráð skoðaði húsnaði skólans bæði á Hvammstanga og Laugarbakka. Á Hvammstanga er búið að taka niður bókasafnið og auka þannig rými fyrir nemendur.

Fræðslu- og félagsmálastjóri upplýsti fræðsluráð um fund með foreldrum skólabarna á Borðeyri. Áhersluatriði meðal þeirra var að matur væri eldaður í skólanum eins og verið hefur, einnig að skólaakstur verði með sama hætti. Grunnskólanemendur eru vanir að fara í sundkennslu daglega á Hvammstanga að vori og hausti. Skiptar skoðanir voru varðandi hversu oft grunnskólanemendur ættu að sækja skólann á Hvammstanga. Lögð var áhersla á að flétta sundkennsluna inn í skólaviðveru á Hvammstanga og þannig myndi ekki fjölga mikið heildarferðum sem grunnskólanemendur færu yfir skólaveturinn. Þess vegna munu grunnskólanemendur fara hálfsmánaðarlega, á föstudögum, til Hvammstanga. Áherslan þá daga er á verklegar greinar og sundkennslu. Með innri breytingum sem verða á skólastarfinu á Hvammstanga næsta vetur verður sérstaklega tekið tillit til nemenda frá Borðeyri. Foreldrar lögðu líka mikla áherslu á að nemendum yrði hjálpað til að aðlagast og gætu leitað til manneskju sem þau þekktu. Leikskólabörn hafa verið fjóra daga vikunnar á Borðeyri og engin breyting verður þar á.

Fundargerð rituð af Eydísi Aðalbjörnsdóttir, fræðslu- og félagsmálastjóra.

Fundargerð upplestin og samþykkt
Rakel Runólfsdóttir (sign.),
Gísli G. Magnússon (sign.),
Ólöf Þorsteinsdóttir(sign),

Fundi slitið kl: 15.30
Borghildur H. Haraldsdóttir (sign)
Valdimar H. Gunnlaugsson(sign.).